| | |
|---|---|
| | **Bekkur**: 6.bekkur<br>**Námsgrein**: Enska<br>**Kennarar**: Marc Portal<br>**Tímafjöldi**: 3 tími á viku |
| | **Námsgögn**:<br>Action Student's Book + Workbook A<br>- Write Right A<br>- Yes We Can 6 Student's Book<br>- Yes We Can 6 Workbook<br>- BBC<br>- Skólavefurinn.is<br>- Bits and Pieces<br>- Enskar Krossgátur<br>- Myndir<br>- Vefsíður<br>- Textar, smásögur og skáldsögur |
| | **Lykilhæfni:** Þættir sem hafa áhrif á námsmat eru:<br>• Tjáning og miðlun<br>• Skapandi og gagnrýnin hugsun<br>• Sjálfstæði og samvinna<br>• Nýting miðla og upplýsinga<br>• Ábyrgð og mat á eigin námi |
| | **Menningarlæsi:** tengist öllum efnisþáttunum. Nemendur kynnast  samfélaginu, menningu og siðum með aðstoð kvikmynda, sjónvarpsþátta og tónlistar. Flest þau viðfangsefni sem tekin eru fyrir fjalla á einn eða annan hátt um líf fólks í viðkomandi menningarheimi.<br>**Námshæfni:** tengist öllum efnisþáttunum. Nemendur þurfa að setja sér raunhæft markmið, beita sjálfsmati og jafningjamati, nýta sér samhengi í texta til að geta til um merkingu orða, nýta sér reynslu og þekkingu til að skapa nýja þekkingu, vinna sjálfstætt og með öðrum og nýta öll helstu hjálpartæki eins og ítarefni, orðabækur, leiðréttingarforrit |

| Efnisþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| Hlustun | -Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og tilvalið námsefni<br><br>-Fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans<br><br>-Hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur<br><br>-Hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur og brugðist við með orðum | Nemendur hlusta á mælt mál og vinna verkefni sem prófa skilning á málinu | • Verkefni/próf úr efni sem nemandinn hefur hlustað á |
| Lesskilningur | - Lesið sér til gagns og ánægju auðlesna texta af ýmsum gerðum og beitt mismunandi lestraraðferðum eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum<br><br>-Skilið megininntak í aðgengilegum og einföldum frásögnum bóka og netmiðla<br><br>-Fundið lykilupplýsingar í texta<br><br>-Sýnt fram á að hann þekkir til og skilur allvel ákveðin lykileinkenni í menningu viðkomandi mál<br><br>-Sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu menningarlæsi | • Lestur í lestextum/heftum og verkefni leyst sem fylgja orðaforða/textunum<br>• Nemendur horfa á myndbönd með texta, sem reynir einnig á lesskilning<br>• Nemendur afla sér upplýsinga á miðlum þegar unnin eru þemaverkefni | • Lesskilningspróf/kannanir |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ritun<br>-málnotkun<br>-málfræði | Nemandi geti:<br><br>-Skrifað stuttan texta um efni sem hann þekkir, beitt grunnreglum málfræði (m.a. greinir; mismunandi tíðir; fornöfn)<br><br>- Stafsett nokkuð rétt og sýnt fram á allgóð tök á daglegum orðaforða og orðaforða sem unnið hefur verið með<br><br>- Skrifað texta af mismunandi gerðum (ritgerð, útdráttur…) með stuðningi og sýnt frumkvæði<br><br>-Lýst atburðarás eða því sem hann hefur upplifað<br><br>-Sett sér nokkuð raunhæf markmið, og beitt aðferðum til að skipuleggja sig og bæta þar sem þess gerist þörf | • Nemendur gera nokkur misstór ritunaverkefni, bæði sem einstaklings og hópa-/paraverkefni | • Skil á ritunarverkefnum<br>• Hefti/glósubók skoðuð reglulega |
| Frásögn og samskipti | Nemandi geti:<br><br>-Tjáð sig á einfaldan hátt um það sem viðkemur daglegu lífi hans á vel skiljanlegu máli hvað varðar áherslur og orðaval<br><br>-Sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum<br><br>-Flutt mjög einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu | • Nemendur tjá sig munnlega á mjög einfaldan hátt bæði sem einstaklings og hópa-/paraverkefni<br>• Nemendur tekur virkan þátt í samskiptisverkefnum og sýnir tillitsemi | • Skil á kynningarverkefnum og mismunandi samskiptisverkefnum |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | -Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf<br><br>-Beitt lykilnámsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefninu, t.d. umorðað ef hann vantar orð<br><br>-Nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu | | |